



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Grænbók um mannréttindi nr. 6/2023

### Samráð hófst

11.01.2023

### Samráði lauk

13.02.2023

### Fjöldi umsagna

8

### Umsagnaraðilar

Alls bárust 8 umsagnir frá félagasamtökum, stofnunum, aðilum vinnumarkaðarins og einstaklingum. Umsagnir bárust frá Hagstofu Íslands, Andra Eiríkssyni, Ársól Clöru Arnardóttir, Mannréttindaskrifstofu Íslands, UN Women Ísland, Landssamtökunum Þroskahjálp, Samtökum Atvinnulífsins og Barnaheill – Save the Children á Íslandi.

### Sjónarmið umsagnaraðila

Grænbók um mannréttindi og fylgirit um mannréttindastofnanir voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 11. janúar og frestur til að skila inn umsögnum var til 13. febrúar 2023. Í umsögnum má greina eftirfarandi megináherslur.

Almenn ánægja var með það samráð sem viðhaft var við vinnslu grænbókar og er nefnt að mikilvægt væri að hafa samráð við undirbúning að stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar.

Efnislegar athugasemdir koma helst frá þeim félagasamtökum sem skiluðu inn umsögn og starfa á sviði mannréttinda. Helst ber að nefna að Barnaheill gagnrýnir rýra umfjöllun um mannréttindi barna í grænbókinni og jafnframt að mannréttindabrot gagnvart börnum séu vanmetin og lítið gert úr alvarleika þeirra. Mannréttindaskrifstofa Íslands telur afmörkun grænbókarinnar þó raunhæfa og nauðsynlega í riti sem þessu. Skrifstofan telur þó að ekki sé um tæmandi talningu að ræða og nefnir dæmi því til stuðnings. UN Women á Íslandi telja að stöðumatíð samræmist að mestu leyti raunverulegri stöðu.

Skortur á tölulegum upplýsingum var nefndur af Barnaheill og UN Women á Íslandi en í grænbókinni er bent á það sem eitt af lykilviðfangsefnum málaflokksins. Þá bendir Hagstofa Íslands á sig sem samstarfsaðila til að bæta skort á samræmdri og áreiðanlegri tölfræði um málaflokkinn svo að skýrari sýn fái á stöðu og þróun mannréttinda á Íslandi.

UN Women á Íslandi telja að þau lykilviðfangsefni sem dregin eru fram í málaflokki nái ágætlega utan um stöðu mála. Samtökin telja þó mikilvægt að samhliða fræðslu og þekkingu á mannréttindum sé lögð áhersla á forvarnir sérstaklega þegar það kemur að kynbundnu ofbeldi, hatursorðræðu og stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálp er umfangsmikil og þó ekki felist efnisleg gagnrýni á upplýsingar í grænbókinni er margt sem fram kemur í umsögninni sem á sérstaklega erindi við landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Bent er á samráðsskyldu

stjórnvalda samkvæmt samningi SRFF og íslensk stjórnvöld hvött til að fullgilda valkvæðan viðauka við samning SP um réttindi fatlaðs fólks, viðauka 12 við Mannréttindasáttmála Evrópu og viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Mannréttindaskrifstofa Ísland, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UN Women á Íslandi og Landssamtökin Þroskahjálp hvetja öll til stofnunar sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar sem er önnur af þeim áherslum sem eru taldar vera líklegastar til að skila mestum ávinningi. Þau hvetja jafnframt til þess að stofnunin verði vel fjármögnuð svo hún geti sinnt sínum verkefnum. Landssamtökin Þroskahjálp hvetja jafnframt til að réttindagæslu fatlaðs fólks verði komið undir stofnunina. Samtök atvinnulífsins setja fram athugasemdir um stofnun nýrrar ríkisstofnunar og hvetja til sameiningu stofnana frekar en fjölgun þeirra. Í því felist tækifæri til betri nýtingar á almannafé.

Barnaheill hvetja jafnframt til þess að stofnun umboðsmanns barna verði styrkt til muna og henni gert betur kleift að sinna mannréttindaeftirliti í þágu barna eins og henni er ætlað skv. lögum.

Tveir einstaklingar skiluðu inn umsögnum. Í annarri umsögninni er vísað til BA ritgerðar um að betra mannréttindaeftirlit þurfi og hvatt til aukinnar mannréttindakennslu til að auka skilning barna á mannréttindum sem styður við niðurstöður grænbókarinnar. Í hinni umsögninni er lýst yfir áhyggjum af túlkun á hugtakinu mannréttindi en sjónarmiðin sem lögð eru fram í grænbókinni eru að einstaklingar sem eru jaðarsettir á einhvern hátt geti átt erfiðara með að fá notið mannréttinda sinna. Þ.a.l. þarf fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópi gjarnan enn ríkari mannréttindavernd til að fá fullra mannréttinda notið.

## Að loknu samráði

Umsagnirnar nýtast samhliða grænbók við áframhaldandi stefnumótun í málaflokknum. Grænbók um mannréttindi með hliðsjón af umsögnum leggur grunninn að landsáætlun um mannréttindi og verður birt á vef Stjórnarráðsins.

# Viðbrögð við umsögnum

## Almennt

Mannréttindaskrifstofa Ísland, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UN Women á Íslandi og Landssamtökin Þroskahjálp hvetja öll til stofnunar sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar sem er önnur af þeim áherslum sem eru taldar vera líklegastar til að skila mestum ávinningi. Unnið er að gerð frumvarps um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í forsætisráðuneytinu en áform þess efnis birtust á samráðsgátt þann. 25.11.2023.

## Hagstofa Íslands

Ráðuneytið mun leita til Hagstofu Íslands varðandi talnaefni þar sem upplýsingar skortir til að bæta upplýsingaskort þannig að skýrari sýn fái á stöðu og þróun mannréttinda á Íslandi.

## Andri Eiríksson

Andri Eiríksson lýsir yfir áhyggjum sínum á túlkun á hugtakinu mannréttindi en sjónarmiðin sem lögð eru fram í grænbókinni eru að einstaklingar sem eru jaðarsettir á einhvern hátt geti átt erfiðara með að fá notið mannréttinda sinna. Þ.a.l. þarf fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópi gjarnan enn ríkari mannréttindavernd til að fá fullra mannréttinda notið.

## Ársól Clara Arnardóttir

Ársól Clara Arnardóttir vísar í BA ritgerð sína um að betra mannréttindaeftirlit þurfi á Íslandi og hvetur til aukinnar mannréttindakennslu til að auka skilning barna á mannréttindum. Þetta styður við niðurstöður grænbókarinnar.

## UN Women Ísland

UN Women á Íslandi telja að stöðumatið samræmist að mestu leyti raunverulegri stöðu. Það er þó að þeirra mati umhugsunarefni hversu mikill skortur sé á samræmdri tölfræði og raunverulegum gögnum sem endurspeglar stöðuna.

Skortur á tölfræði er í samræmi við niðurstöður grænbókarinnar.

UN Women á Íslandi telja mikilvægt að samhliða fræðslu og þekkingu á mannréttindum sé lögð áhersla á forvarnir sérstaklega þegar það kemur að kynbundnu ofbeldi, hatursorðræðu og stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu.

Í grænbók er litið á forvarnir sem hluta af lykilvergæfingum *sex, aukin fræðsla og þekking á mannréttindum*.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) telur afmörkun grænbókarinnar raunhæfa og í raun nauðsynlega í riti sem þessu. Skrifstofan telur þó að ekki sé um tæmandi talningu að ræða og nefnir dæmi því til stuðnings.

Hægt er að taka undir að málaflokkurinn er gríðarlega víðfeðmur og aldrei hægt að gera öllu skil í yfirlitsskýrslu á borð við grænbók.

Skrifstofan fagnar þeim áherslum sem settar eru fram sem taldar eru líklegastar til að skila mestum ávinningi en þær eru stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar og mótun heildstæðrar stefnu í mannréttindamálum.

Unnið er að gerð frumvarps um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun og hafin er vinna við landsáætlun um mannréttindi.

MRSÍ bendir á að fram að þessu hefur samráð verið haft við MRSÍ, aðildarfélög hennar og önnur þau samtök, sem vinna að mannréttindum ýmissa viðkvæmra hópa og mannréttindum almennt. Væntir skrifstofan þess að svo verði einnig við undirbúning að stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar og landsáætlunar í mannréttindamálum.

Forsætisráðuneytið mun hér eftir sem hingað til vera í samráði um þau skref sem tekin verða í málaflóknum.

## Landssamtökin Þroskahjálp

Þroskahjálp leggur mikla áherslu á að við stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar, setningu laga og reglna varðandi hana, skipulag hennar og staðsetningu í stjórnkerfinu verði litið sérstaklega til þess sem best hefur gefist í öðrum ríkjum þar sem slíkar stofnanir eru, almennt og sérstaklega m.t.t. framfylgdar og verndar mannréttinda fatlaðs fólks. Höfð verður hliðsjón af þessu við gerð frumvarps um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun.

Þroskahjálp hvetur stjórnvöld til að koma réttindagæslu fatlaðs fólks sem fyrst undir sjálfstæða mannréttindastofnun. Stefnt er að því að flytja réttindagæslumenn fatlaðs fólks undir stofnunina.

## Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins setja fram athugasemdir um stofnun nýrrar ríkisstofnunar og hvetja til sameiningu stofnana frekar en fjölgun þeirra. Í því felist tækifæri til betri nýtingar á almannafé.

Tækifæri geta verið til sameininga eða samrekturs stofnana eða eininga en það ber þó að skoða vel þar sem um óháða stofnun er að ræða og það stofnanaform ólíkt t.d. undirstofnunum ráðuneyta. Horft verður til þess að flytja réttindagæslumenn fatlaðs fólks undir stofnunina til að styrkja hana sem og sjálfstæði réttindagæslumanna.

Í umsögninni kemur jafnframt fram að þegar sé starfandi óháð stofnun og er þá vísað til Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ). SA segir að skoða megi að útvíkka hlutverk hennar þannig að það samræmist Parísarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir.

MRSÍ er ekki stofnun heldur frjáls félagasamtök og getur því ekki uppfyllt Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna sem kveða á um að hlutverk stofnunarinnar sé bundið í almenn lög eða stjórnskipunarlög.

## Barnaheill - Save the Children á Íslandi

Barnaheill gagnrýnir rýra umfjöllun um mannréttindi barna í grænbókinni og jafnframt að mannréttindabrot gagnvart börnum séu vanmetin og litið gert úr alvarleika þeirra. Viðfangsefni grænbókarinnar er víðfeðmt og aldrei verði hægt að gera því öllu skil í yfirlitsskýrslu á borð við grænbók. Þá eru börn sá hópur sem fjallað er um með ítarlegustum hætti í grænbókinni.

Ráðuneytið þakkar hvatningu um að gera betur í málefnum barna. Höfð verður hliðsjón af umsögn Barnaheilla samhliða grænbók um mannréttindi í áframhaldandi stefnumótun í málaflóknum.